

Stefna Flataskóla

Hlutverk Flataskóla

Flataskóli er skóli sem byggir á trausti og stöðugleika.

Hlutverk Flataskóla er í samvinnu við heimilin að mennta nemendur, efla sjálfstæði þeirra, virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Flataskóli leggur áherslu á að útskrifa ánægða og fróðleiksfúsa nemendur.

Framtíðarsýn Flataskóla

Flataskóli stefnir að því að vera meðal fremstu grunnskóla landsins.

Flataskóli vill vera framsækinn skóli með hæft starfsfólk sem myndar öfluga liðsheild og er tilbúið til að tileinka sér nýjungar.

Gildi Flataskóla

Menntun:


Flataskóli er menntastofnun þar sem lögð er áhersla á að efla sjálfstæði nemenda í námi og vinnubrögðum, örva sköpunargleði og auka siðferðis- og félagsþroska þeirra.

Árangur:

Í Flataskóla er lögð áhersla á að nemendur og starfsmenn sýni metnað og framfarir og temji sér aga í leik og starfi. Mikilvægt er að foreldrar og forráðamenn taki ábyrgð á námi barna sinna með starfsmönnum Flataskóla.

Ánægja:

Í Flataskóla er lögð áhersla á að nemendur, starfsmenn og foreldrar séu ánægðir með skólastarfið. Áhersla er lögð á að skapa andrúmsloft sem einkennist af velliðan, efla jákvæðni í skólasamfélaginu og styrkja sjálfstraust nemenda og starfsmanna. Með því að stuðla að ánægju nemenda er áhugi vakinn fyrir áframhaldandi menntun.



Markmið – þjónusta

Sjálfstæðir og ábyrgir nemendur

Nemendur sem geta haldið utan námið sitt, hlutina sína og unnið eftir fyrirmælum. Nemendur sem hafa frumkvæði og taka ábyrgð á sér og gjörðum sínum.

Nemendur með góða samskipta- og félagsfærni

Nemendur sem geta unnið í hópi og fylgt leikreglum, geta virt skoðanir annarra og sett sig í spor þeirra.

Upplýstir nemendur

Nemendur sem geta lesið í umhverfi sitt og eru færir um að afla sér upplýsinga og gagna sem nýtist þeim í skólastarfinu.

Nemendur nái árangri

Nemendur sýni framfarir í eigin námi og nái þeim námsmarkmiðum sem sett eru.

Ánægðir nemendur

Nemendur sýni jákvæðni, gleði, líði vel og séu virkir í skólastarfi.

Ánægðir, ábyrgir og áhugasamir foreldrar

Foreldrar séu áhugasamir um nám og starf barna sinna. Taki þátt og séu virkir í skólastarfinu. Þannig að samvinna heimils og skóla verði eðlilegur þáttur í lífi þeirra. Þeir aðstoði börn sín við að sinna þeim skyldum sem á þau eru lögð.

Góð tengsl við hagsmunaaðila í Garðabæ

Skólinn sé í góðu samstarfi við fyrirtæki, stofnanir og félög bæjarins.

Markmið – fjármál

Ábyrg og hagkvæm nýting fjármuna og verðmæta

Tryggja þarf að nýting fjármuna sé í samræmi við stefnu skólans. Taka þarf mið af fjárhagsáætlunum, leita skal ódýrra aðfanga, tryggja þarf sem hagkvæmasta nýtingu húsnæðis og annars aðbúnaðar í skólanum.

Auka tekjur. Finna þarf leiðir til að fjölga nemendum

Leita þarf leiða til að auka tekjur skólans til dæmis með styrkjum frá fyrirtækjum í tengslum við upptökur og með því að sækja um þróunarstyrki vegna verkefna sem unnin eru innan skólans.

Markmið – innra starf

Fjölbreyttir kennsluhættir

Áhersla er lögð á fjölbreytni í skólastarfi, virkni nemenda, sköpun, rannsóknarvinnu, tjáningu og gagnrýna hugsun. Einnig að samþætta námsgreinar og að efla tengsl skóla við daglegt líf og umhverfi.

Fjölbreytt námsmat

Áhersla lögð á fjölbreytt námsmat samhliða aukinni ábyrgð nemenda á eigin vinnu. Auk hefðbundins mat sem felst í skriflegum og munnlegum prófum er stuðst við sjálfsmat, jafningjamat og ferilmöppur.

Fámennir námshópar

Hver nemandi hefur umsjónarkennara. Umsjónarhópum er skipt í fámennari námshópa. Blöndun innan árgangs eða milli árganga. Samsetning hópa miðast við þarfir, hæfni og félagsleg samskipti.

Mikil samvinna

Áhersla er lögð á samvinnu nemenda innan umsjónarhóps og milli umsjónarhópa. Áhersla er einnig lögð á samvinnu starfsmanna og samstarf heimila og skóla.

Góður aðbúnaður og hvetjandi starfsumhverfi

Lögð er áhersla á að nemendur og starfsmenn hafi aðgang að öflugum tæknibúnaði og námsgögnum. Verkefnum nemenda sé gert hátt undir höfði og þau höfð sýnileg. Áhersla er lögð á hlýlegt og vistlegt umhverfi og virðingu fyrir húsnæði og búnaði.

Gott upplýsingaflæði

Áhersla lögð á að gefa reglulega út fréttabréf, halda úti vel uppfærðri heimasíðu, tryggja góð tölvupóstsamskipti innan og utan skólans og skráningu upplýsinga í Mentor.

Öflugt kynningarstarf

Stefna að því að fá jákvæða umfjöllun um skólastarfið í fjölmiðlum.

Markmið – mannauður

Vel menntaðir og þjálfaðir starfsmenn

Áhersla lögð á að starfsmenn fái að þróast í starfi með því að fá þjálfun og fræðslu sem snýr að starfinu þeirra og áhugasviði.

Metnaðarfullir starfsmenn

Áhersla er lögð á að starfsmenn leggi sig fram til að skapa nemendum sem best skilyrði til náms.

Virkir starfsmenn í mótun skólastarfs

Lögð er áhersla á að starfsmenn fái tækifæri til að taka þátt í faglegri umræðu og hafi áhuga á umbótum í starfi.

Ánægðir starfsmenn

Áhersla lögð á að starfsmönnum líði vel og að þeir finni fyrir trausti, virðingu og stuðningi. Að starfsmenn séu ánægðir og stoltir af skólanum.

Sterk liðsheild

Áhersla lögð á að starfsmenn finni að þeir séu hluti af hópi sem hefur áhrif og stefnir að sama marki.